

Ed.

## 599. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhngndum nýjum banka í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 14. mai).

### 1. gr.

Ráðuneytinu er heimilað að veita hlntafjelagi, sem stofnað kann að verða í því skyni, hlunnindi handa banka, er fjelagið stofnar í Reykjavík, þau er hjer segir:

- a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað haudhata hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvalda-auglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankiun greiða upphæðina þeim, sem viðurkeuninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokknr aunar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búiið kröfu á hendnr bankanum.
- b. Fje það, sem lagt hefir verið i bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningn og löghaldi.
- c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum nm veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.
- d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda i ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans, enda samþykki eftirlitsmaðnr með bönkum og sparisjóðum afskriftirnar, og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist rikissjóði:

5% af fyrstu 100 þús. kr.

10% af næstu 100 þús. kr.

25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903. Að þeim tíma liðnum nýtur bankinn bestu kjara, sem veitt kunna að verða einkabanka.

- e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabryf bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

- a. Hlutfje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutfjárins boðin út innanlands í þrjá mánuði eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
- b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
- c. Alþingi kys með hlutfallskosningu tvo af þrem endurskoðendum bankans.
- d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
- e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
- f. Bankinn má ekki lána fje gegn tryggingu í hlutabryfum sjálfs sín.
- g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1927.
- h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.